

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. töluliður 46. gr. laganna orðist svo:

Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru út af sjóslýsum eða brotum á lögum þessum.

2. gr.

a. 5. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Öll sjópróf fara fram að hætti opinberra mála.

b. 7. mgr. sömu greinar orðist svo:

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun fyrir siglingadómi, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

c. 8. mgr. sömu greinar orðist svo:

Nú er refsímál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um aðstoð til fatlaðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1000000.00 á ári næstu 20 ár.

2. gr.

3. og 4. másl. fyrri málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 400.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 2000.00 á hvern fermetra gólfplat. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 50 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.